

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2013****2013/EES/61/44****frá 3. maí 2013****um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EBE um verndartíma höfundarréttar og tiltekinnna skyldra réttinda ⁽¹⁾.
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 9f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB) í XVII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 L 0077**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 (Stjtíð. ESB L 265, 11.10.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/77/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 265, 11.10.2011, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.